

Nd.

40. Frumvarp til laga

[37. mál]

um breyting á lögum nr. 11 28. apríl 1975, um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Orðin „innanlands eða“ í 1. mgr. 23. gr. laganna falli niður.

2. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Flugvallagjald skal vera 2500 kr. fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, þó 1250 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Flugvallagjald skal fella inn í verð farseðils.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum um ráðstafanir í efnahagsmálum o. fl., sem samþykkt voru á Alþingi 26. apríl s. l., er m. a. ákveðið að lagt skuli á sérstakt flugvallagjald. Gjald þetta er skattur til ríkissjóðs sem lagður er á farþega er ferðast með loftförum ýmist frá Íslandi til annarra landa eða milli flugvalla innanlands. Voru á sínum tíma talsverðar deilur um álagningu þessa gjalds og var flm. í hópi þeirra þingmanna sem greiddu atkvæði gegn því. Er sú afstaða flm. til umræddrar gjaldtöku óbreytt.

Eftir eðli málsins má skipta flugvallagjaldinu í tvo flokka: Annars vegar gjald það, sem lagt er á farþega, innlenda og erlenda, sem ferðast loftleiðis frá Íslandi til annarra landa. Slík gjaldtaka þjónar tvennum tilgangi: Annars vegar að afla tekna í ríkissjóð. Hins vegar að gera utanlandsferðir íslendinga dýrari en ella og þá væntanlega í því skyni m. a. að hafa einhver áhrif til þess að hamla gegn utanferðum íslendinga og gjaldeyriseyðslu í því sambandi. Má vissulega færa rök bæði með og móti nauðsyn þess arna. — Annað viðhorf er hins vegar uppi á teningnum gagnvart innheimtu flugvallagjalds af fólki sem ferðast loftleiðis milli staða innanlands. Slík gjaldtaka getur aðeins og einvörðungu þjónað þeim tilgangi að afla ríkissjóði tekna, og ber þá á það að líta að hverjum sú skattheimta beinist og hvort ástæða sé til þess að ætla að hún komi réttlátlega niður.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að höfuðborg landsins, Reykjavík, er sam-
eiginleg þjónustumiðstöð fyrir landið allt. Aðeins þar er hægt að fá ýmsa sérhæfða
þjónustu, t. d. í sambandi við heilsugæslu og heilbrigðismál, þar eru auk þess allar
meiri háttar stjórn-sýslu-, lána- og fyrirgreiðslustofnanir sem fólk kann að eiga erindi
við, svo og ýmis önnur fyrirtæki og þjónustustofnanir sem landsmenn allir þurfa
að leita til. Af þessum sökum þarf fólk, sem býr úti á landsbyggðinni, oft að koma
til Reykjavíkur til þess að sinna erindum sem hvergi annars staðar er hægt að reka.

Þá er það einnig alkunna, að því fjær Reykjavík sem fólk býr, þeim mun meira
verður það að notfæra sér þjónustu flugfélaga til og frá Reykjavík. Íbúar nágranna-
byggðarlaga Reykjavíkur geta með auðveldum hætti farið landleiðis til þess að sækja
sér þjónustu eða fyrirgreiðslu til Reykjavíkur, en hins vegar þurfa þeir, sem lengri
leið eiga, að fara flugleiðis. Innheimta flugvallagjalds af farþegum í innanlandsflugi
verður því í raun sannnefndur dreifbýlisskattur, því að gjaldið er aukakostnaður
fyrir þá sem fjarri Reykjavík búa, en eiga þangað erindi, sem íbúar nágrannabyggðar-
laga Reykjavíkur þurfa ekki að inna af höndum í sama skyni. Verkar flugvallagjaldið
því sem einn aukakostnaðarliðurinn enn ofan á aðra umframkostnaðarliði, svo sem
hærra vöruverð sem íbúar dreifbýlisins þurfa að gjalda vegna húsetu sinnar umfram
reykvíkinga og nágranna. Samrýmist þetta heldur illa hinni margumtöluðu byggða-
stefnu og er auk þess því óréttlætianlegur þar sem felld hefur verið niður innheimta
veggjalds af þeim íbúum nágrannabyggðarlaga Reykjavíkur sem ferðast geta eftir
hraðbrautum til og frá höfuðborginni. Skýtur það raunar heldur skökku við, að
skömmu eftir að samgöngugjald þetta — veggjaldið — var felld niður af þeim, sem
stysta og greiðasta leið eiga til höfuðborgarinnar, þá skuli annað samgöngugjald —
flugvallaskatturinn — hafa verið upp tekið gagnvart þeim landsmönnum sem um
lengstan veg eiga að fara til hinnar sameiginlegu þjónustumiðstöðvar sem Reykjavík
er.

Upphaflega var ráðgert að flugvallagjald yrði aðeins innheimt til loka febrúar-
mánaðar 1976. Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er hins vegar boðað að gjald-
taka þessi verði framlengd allt næsta ár, og ekkert hefur heyrst frá ríkisstjórninni
um að breytingar séu fyrirhugaðar á gjaldtökunni.

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að sú breyting verði gerð á ákvæðum
laga um innheimtu flugvallagjalds, að gjaldið verði eftirleiðis aðeins innheimt af þeim
farþegum sem fara frá Íslandi til annarra landa, en gjaldtakan verði felld niður í
innanlandsflugi. Eins og á hefur verið bent að framan er hér um réttlætismál að ræða
sem er allsendis óskýlt því hvort stjórnvöld vilja leggja einhvern hemil á utanlands-
ferðir íslendinga. Hvort innheimta flugvallagjalds af farþegum í millilandaflugi er
rétt og æskileg leið til þess arna er allsendis óskýlt því máli sem hér er flutt.